

## REGLUGERÐ

### um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2022.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í fiskveiðilandhelgi Íslands, fiskveiðilögsögu Færeyja, á veiðistjórnunarsvæði Norðaustur-Atlantshafsveiðinefndarinnar (NEAFC) og í lögsögu Svalbarða.

Við veiðar í lögsögu Færeyja skal farið að reglum sem færeysk stjórnvöld setja um veiðarnar. Í lögsögu Svalbarða skal farið að reglum sem norsk stjórnvöld setja um veiðarnar, enda séu þær settar á grundvelli samningsins um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 og í samræmi við ákvæði hans.

#### 2. gr.

##### *Aflamark.*

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á norsk-íslenskrri síld, sem hafa aflamark í norsk-íslenskrri síld.

Fyrir tímabilið 1. janúar 2022 til 31. desember 2022 er leyfilegur heildaraflí sem hér segir (magn í tonnum):

Tegund	Leyfilegur heildaraflí	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar aflamarki á grundvelli aflahlutdeildar
Norsk-íslensk síld	108.225	5.736	102.489

Heimilt er hverju skipi að veiða allt að 10% umfram aflamark í norsk-íslenskrri síld á árinu 2022 og dregst sá umframafli frá aflamarki þess á árinu 2023. Þá er heimilt að flytja allt að 10% af ónýttu aflamarki fiskiskips frá árinu 2022 til ársins 2023. Flutningsheimildir samkvæmt þessari grein eiga einnig við um aflaheimildir sem skip fá úthlutað af aflamagni sem dregið er frá upphaflegri úthlutun samkvæmt B-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar.

Við veiðar á norsk-íslenskrri síld í færeyskrri efnahagslögsögu er einungis heimilt að veiða makríl sem meðafla. Meðaflí makríls má ekki fara yfir 30% af síldarafla í hverri veiðiferð. Heildarmakrílafli íslenskra skipa í færeyskrri efnahagslögsögu skal ekki fara yfir 1.300 lestir. Fiskistofa fylgist með afla þessum og tilkynnir ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að aflanum verði náð og tilkynnir ráðuneytið frá hvaða tíma óheimilt er að veiða makríl sem meðafla.

#### 3. gr.

##### *Sýnataka.*

Sýni af norsk-íslenskrri síld skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu vera a.m.k. 50 stykki af norsk-íslenskrri síld sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Haf-rannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, í Hafnarfirði eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

#### 4. gr.

##### *Fjarskiptabúnaður.*

Fiskiskip sem stunda veiðar á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsveiðinefndarinnar (NEAFC) skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti, með sjálfvirkum hætti, til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, sem miðlar gögnum til hlutaðeigandi stofnana.

Óheimilt er að halda til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest að fjarskipta-búnaður starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt framangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga bilar skal gert við hann svo fljótt sem mögulegt er, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á a.m.k. 4 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar.

#### 5. gr.

##### *Tilkynningar.*

Um tilkynningar varðandi síldveiðar skv. þessari reglugerð, bæði innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og á alþjóðlegu hafsvæði, gilda ákvæði reglugerðar um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

Um tilkynningar varðandi veiðar innan fiskveiðilögsögu Færeyja fer samkvæmt reglum sem færeysk stjórnvöld setja.

Um tilkynningar varðandi veiðar í lögsögu Svalbarða fer samkvæmt reglum sem norsk stjórnvöld setja enda séu þær settar á grundvelli samningsins um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 og í samræmi við ákvæði hans.

Eftir að skip hættir veiðum og í síðasta lagi fjórum klukkustundum áður en áætlað er að það komi til hafnar skal skipstjóri senda Fiskistofu tilkynningu á því formi sem Fiskistofa ákveður um áætlaðan afla skipsins, fyrirhugaðan löndunarstað og fyrirhugaðan löndunartíma. Heimilt er að víkja frá lágmarkstíma t.d. ef fjarlægð milli fiskimiða og löndunarhafnar gefur tilefni til þess, enda sé þá tilkynning send um leið og veiðum er hætt.

#### 6. gr.

##### *Löndun og vigtun.*

Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa síldarafla og síldarafurðum í höfnum erlendis enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Jafnframt er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvigtaðri síld um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé tryggt að skráning og vigtun afla sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar síldar utan íslenskra hafna til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og áætlað magn síldar. Áætli skip komu til hafnar samningsaðila NEAFC með afla af samningssvæði NEAFC, hvort heldur til löndunar, umskipunar eða til að leita þjónustu að öðru leyti, skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnarríkinu í samræmi við reglur NEAFC um hafnarríkiseftirlit og framkvæmd þess. Tilkynningar skal senda með rafrænum hætti á heimasíðu NEAFC, <https://psc.neafc.org> (opnast í nýjum vafraglugga). Frekari upplýsingar má finna á slóðinni <https://psc.neafc.org/designated-contacts> (opnast í nýjum vafraglugga).

Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda síldarinnar eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggja það fyrir.

Heimilt er að miðla afla úr nótt til skips, sem leyfi hefur til síldveiða í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri úr nóttum.

Um vigtun á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar um vigtun sjávarafla þó þannig að draga skal frá 2% af afla hvers skips vegna vatnsinnihalds í síld miðað við afla upp úr sjó og reiknast það magn ekki til aflaheimilda þess.

Landi skip frystum afurðum utan Íslands skal tilkynna um það í samræmi við ákvæði 5. kafla reglna Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) um fiskveiðieftirlit og framkvæmd þess.

7. gr.  
*Viðurlög.*

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

8. gr.  
*Lagaheimild og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. og 8. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 8. og 9. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 2. og 9. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 25/2021 um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2021.

*Matvælaráðuneytinu, 8. mars 2022.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*